



126. fundur Stúdentaráðs

Þriðjudagur 14. október 2025 kl. 17:00

Fundarritari: Bríet Stefanía

Mættir:

Dagbjört Elva (Forseti), Bríet Stefanía (Varaforseti), Rakel Sif (Fjármálastjóri), Rebecca Lísbet, Sara Lind, Aldís Mjöll, Guðrún Mist, Hilmar Örn, Jóhannes Már, Aðalbjörn, Katla Ósk, Steindór og Rakel Rún

Fundur settur: 16:59

Dagskrá 126. fundar

1. Forseti SHA með innlögn

- Dagbjört vildi þakka Jóhannesi, Kötlunni og Aðalbirni fyrir vel unnin störf í sambandi við sameininguna.

2. Fréttahringur

- Skiptinernarnir og stjórn Reka fóru öll saman í hestaferð og tókst það gríðarlega vel og allir skemmtu sér mjög vel.

3. Sprellmót

- Rætt var aðeins um Sprellmótið en það gekk mjög vel og þökkum öllum þeim sem komu að mótinu.
- Rætt var einnig um notkun á rafrettum á viðburðum hjá okkur og vildum minna á að vísa þeim sem eru að nota þau inni, út og nota þau þar.

4. Viðburðir

- Farið var yfir næstu viðburði eins og Halloween party, próflokka party, Stóra Vísó, möguleg bingó og árshátíð

5. Íþróttamál

- Við fengum fyrirspurn um að hafa einhverja íþróttaviðburði fyrir stúdenta. Okkur leyst mjög vel á þetta og stefnum á það að hafa íþróttaviðburði 2 sinnum í mánuði.

6. Fræðslustyrkur

- Það bárust inn 2 umsóknir til fræðslustyrks
- Styrkurinn snérist um NATO simulator og sóttu um styrkinn vegna ferðakostnaðar.
- Þegar búið var að fara yfir styrktarbeiðnirnar var kosið og voru þær samþykktar einróma

7. Önnur mál

a) Lagabreytinganefnd

- Stúdentaráð SHA samþykkir að skipa stefnu- og laganefnd SHA sem hafi það hlutverk að endurskoða í heild sinni stefnur, verkferla og samþykktir SHA. Nefndin skal vinna að gerð skýrslu og tillagna sem lagðar verði fram til umræðu og afgreiðslu á stúdentaráðsfundi í febrúar 2026. Hvert aðildarfélag SHA skal eiga einn fastan fulltrúa í nefndinni og einn til vara. Formaður nefndarinnar skal skipaður af stúdentaráði SHA. Nefndin hefur heimild til að boða á fundi sína og hafa til samráðs fulltrúa stúdenta í fastanefndum SHA, nefndum og ráðum Háskólans á Akureyri, sem og fulltrúa SHA í stjórnnum tengdra félaga. Fulltrúar í stúdentaráði SHA hafa heimild, en ekki skyldu, til að sitja fundi nefndarinnar.
- Markmið þessarar tillögu er að tryggja að stefnumótun og starfsemi Stúdentaráðs Háskólans á Akureyri byggist á uppfærðum, samræmdum og skýrum grundvelli. Samþykktir, verkferlar og stefnur SHA hafa að mestu þróast í áföngum í gegnum tíðina og því mikilvægt að gera heildstæða endurskoðun til að tryggja samræmi og nútímalegt verklag. Með skipan sérstakrar stefnu- og laganefndar verður unnið að skipulegu og gagnsæju ferli þar sem aðildarfélög, fulltrúar í ráðum og nefndum, og aðrir tengdir aðilar fá tækifæri til að leggja sitt af mörkum. Nefndin mun leggja fram skýrslu og tillögur fyrir febrúarfund 2026, þar sem stúdentaráð getur tekið upplýstar ákvarðanir um endurskoðun eða breytingar með aðalfund eða mögulegan samþykktarbreytingafund í huga. Með þessu er stuðlað að faglegri stjórnsýslu, ábyrgri ákvarðanatöku og breiðari þátttöku stúdenta í stefnumótun SHA.

b) Staða trúnaðarmanns

- Stúdentaráð SHA samþykkir að móta og innleiða stefnu um trúnaðarmann og öryggisgæslu á viðburðum á vegum SHA.
- Samkvæmt stefnunni skal:
Á hverjum viðburði vera skipað trúnaðarteymi sem hefur fengið viðeigandi fræðslu og undirbúning og sinnir trúnaðarhlutverki fyrir viðburðinn

eða, ef það fyrra reynist ekki fært eða viðeigandi,

Á hverjum viðburði vera gert samstarf við utanaðkomandi öryggisgæslu sem starfar í samráði við trúnaðarmann SHA.

- Markmið stefnunnar er að tryggja öryggi, velferð og traust meðal þátttakenda á viðburðum SHA og stuðla að ábyrgri og faglegri viðburðastjórnun.
- Reynolds undanfarinna ára hefur sýnt mikilvægi þess að tryggja að viðburðir á vegum SHA séu öruggir, aðgengilegir og traustvekjandi fyrir alla þátttakendur. Með þessari tillögu er lagt til að SHA innleiði formlega stefnu sem kveður á um að á öllum viðburðum sé til staðar skipað trúnaðarteymi eða, ef þörf krefur, utanaðkomandi öryggisgæsla sem starfar í samráði við trúnaðarmann SHA. Trúnaðarmenn gegna mikilvægu hlutverki í að veita stuðning, bregðast við upptökum og tryggja að unnið sé eftir skýrum ferlum ef upp koma atvik eða áhyggjur tengdar öryggi og velferð þátttakenda. Með skýrri stefnu um trúnaðarmann og öryggi verður SHA leiðandi í að skapa öruggt, virðingarfullt og faglegt umhverfi á stúdentaviðburðum. Stefnan styður við gildi SHA um ábyrgð, velferð og jafnrétti og eykur traust bæði meðal stúdenta og samstarfsaðila.

Fundi slitið 18:37